

Viðbrögð við vá - jarðskjálfta

Ef þú ert innandyra þegar þegar jarðskjálfti byrjar– ekki hlaupa af stað.

- Haltu kyrru fyrir, mörg slys verða þegar hlaupið er af stað
- Farðu undir borð og haltu þér í borð
- Krjúptu niður í horni við burðarvegg eða í hurðaropi við burðarvegg
- Haltu þig frá gluggum – þeir geta brotnað

Ef þú er utandyra þegar þú finnur jarðskjálfta – ekki hlaupa inn

- Vertu áfram úti
- Ekki vera nálægt háum byggingum sem geta hrunið eða háum trjám
- Grjóthrun, skriður og snjóflóð geta fallið úr hlíðum og fjalllendi
- Rafínur geta verið hættulegar – varist að snerta þær
- Reyndu að komast á opið svæði þar sem byggingar þrengja ekki að



KRJÚPA – SKÝLA - HALDA

Rýmingaráætlun ef Almannavarnir gefa út viðvörðun um hættuástand.

Upplýsingar eru á: <https://www.facebook.com/almannavarnir/> og www.almannavarnir.is

Ef ákvörðun um rýmingu verður tekin þá verða foreldrar að sækja börnin í skólann.

Hlutverk skólastjórnenda:

- Koma upplýsingum út á allar deildir skv. upplýsingum frá Almannavörnum.
- Ganga úr skugga um að starfsfólk sé sett við alla innganga leikskólans til að varna því að börn hlaupi út. (Inngangar í Heiðarseli eru fjórir, við deildina Hof, við deildina Brekku, við deildina Hól og við deildina Bakka).
- Vera í samskiptum við lögreglu og Almannavarnir.

Ef hætta stafar af húsnæðinu þá þarf að rýma það eins fljótt og auðið er og tekur rýmingaráætlun skólans við:

1. Leikskólastjóri/staðgengill stöðvar kerfi, skoðar í töflu í hvaða rými eldurinn er og hleypur þangað. Ef um raunverulegan eld er að ræða þá setur hann kerfið aftur af stað.
2. Fari brunakerfið aftur af stað skal hefja rýmingu.
3. Safna börnunum saman og deildarstjóri/staðgengill nær í viðverulista. Viðverulistar eru tilbúnir og plastaðir á hverri deild og tekur manntal á deildinni.
4. Yfirgefa skólann á söfnunarsvæðin og manntal tekið aftur.
5. Deildarstjóri/staðgengill af hverri deild kemur upplýsingum til leikskólastjóra með því að lyfta upp grænum eða rauðum hring – grænn táknar að allir séu komnir á söfnunarsvæðið bæði börn og stafsólk, rauður gefur til kynna að einhvern vanti. Starfsólk og börn bíða á svæðum þar til fyrirmæli hafa verið gefin.
6. Leikskólastjóri kemur upplýsingum til slökkviliðs/viðbragsaðila.

Söfnunarsvæði utandyra eru fjögur:

- Bakki – litla laut
- Hóll - laut
- Brekka – sandkassi
- Hof – laut við girðingu

Alla daga þurfa allir að vera með það á hreinu hvaða börn eru fjarverandi og hver er heildartala barna á deildinni því þá gengur rýmingaráætlun miklu betur. Deildarstjóri/staðgengill stjórnar aðgerðum á deildinni. Karelle innskráningarkerfið og viðverulistar – mikilvægt

Söfnunarsvæði við Heiðarsel

